

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 125/2006**

**frá 22. september 2006**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2006 frá 7. júlí 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB frá 2. mars 2006 um að útbúa spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) <sup>(2)</sup>.
- 3) Með ákvörðun 2006/194/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1fb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB):  
„1fc. **32006 D 0194**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/194/EB frá 2. mars 2006 um að útbúa spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 65).“
2. Texti liðar 1fb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/194/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 36, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 65.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 39.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.